

Film Scandinavia  
Vitastíg 4  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 16. ágúst 2018  
UST201807-214/P.B.S.  
09.04.00

### **Efni: Umsókn um kvikmyndaleyfi - Snæfellsjökull**

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Film Scandinavia dagsett 31. júlí 2018, um leyfi til kvikmyndatöku innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls dagana 3. og 4. september n.k.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður 28. júní 2001 og um hann gilda ákvæði 47. og 82. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 auk ákvæða reglugerðar nr. 568/2001 um þjóðgarðinn Snæfellsjökul, eftir því sem þau geta átt við. Umhverfissráðherra staðfesti verndaráætlun þjóðgarðsins 15. júní 2010 í samræmi við 22. gr. reglugerðarinnar.

Leyfi Umhverfisstofnunar þarf fyrir hvers konar atvinnustarfsemi í þjóðgarðinum samkv. 17. gr. reglugerðarinnar. Öllum er skylt að ganga vel og snyrtilega um. Ekki má spilla þar gróðri, trufla dýralíf né hrófla við jarðmyndunum. Úrgangi skal komið fyrir í sérstökum sorplátum, enda er óheimilt að flegja úrgangi eða grafa hann, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 568/2001.

#### ***Lýsing verkefnis:***

Sótt er um leyfi til að kvikmynda á Snæfellsnesi og innan marka þjóðgarðsins. Tilgangur verkefnisins er að mynda heimildarmynd um maraþonhlaupara. Í umsókninni kemur fram að engin náttúruspjöll verða þar sem þetta er einungis lítið teymi og ekkert rask fer fram, aðeins maður að hlaupa á veginum og á jöklinum. Starfsmenn verkefnisins verða 12 og verður notast við tvo 9 manna bíla og mögulega 1 jeppling. Ferðaklósett verður með í för svo ekki er þörf á uppsetningu á salernisaðstöðu.

#### ***Áhrifamat:***

Umhverfisstofnun metur sem svo að ofangreint verkefni sé ekki líklegt til að hafa áhrif á verndargildi þjóðgarðsins. Gæta þarf varúðar á jöklinum þar sem komið er fram á sumar og hann nokkuð sprunginn. Gott er að hafa staðkunnugan leiðsögumann með í ráðum. Leyfi þarf ef aka skal á jöklinum, nema um sé að ræða ferðaþjónustuaðila sem þegar hafa leyfi til jöklaferða. Hafa skal samband beint við þjóðgarðsvörð vegna aksturs á jökli.

**Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir ofangreindu verkefni að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Vinsamlega hafðu þetta bréf meðferðis á meðan verkefninu stendur.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnuna með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leyti eins fljótt og auðið er.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Einungis skal gengið á merktum göngustígum. Þar sem þarf að fara út fyrir vegi eða göngustíga skal það tryggt að umgangur sé ekki líklegur til að valda gróðurskemmdum.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allt rusl verði fjarlægt.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Leyfi þjóðgarðsvarðar þarf fyrir akstri á jöklinum.


**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Sigrún Agústsdóttir  
Sviðsstjóri



Jón Björnsson  
Þjóðgarðsvörður